

Mál nr. 131/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nöfn varnaraðila (V)

Heiti vátryggingar: Slysátrygging ökumanns og eiganda.

Skráningarnúmer ökutækis (A)

Orsakatengsl. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttakið 9. apríl 2024 ásamt fylgiskjöllum.
2. Bréf V dags. 8. maí 2024.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að hinn 5. ágúst 2022 hafi M lent í umferðarslysi. Atvik hafi verið þau að hann hafi ekið bifhjólinu A þegar það fór á hliðina í beygju og M hafnaði á jörðinni. Hafi M orðið fyrir líkamstjóni við atvikið og krafist bóta úr slysátryggingu ökumanns og eiganda A hjá V vegna þess en M búi enn við verki í hálsi og höndum. Með bréfi, dags. 14. febrúar 2024, hafi V hafnað bótaskyldu með þeim rökum að ekki væri sýnt fram á orsakatengsl milli slyssins og þeirra einkenna er M ræki til þess. M mótmælir þeirri afstöðu og vísar til þess að M hafi leitað á heilsugæslu hinn 22. ágúst 2022 og þá kvartað undan verkjum í báðum höndum. Þá hafi M aftur leitað á heilsugæslu hinn 15. maí 2023 þar sem hann hafi kvartað undan verk í hálsi og dofa í höndum. Þá hafi hann verið sendur í segulómun af hálsþrygg sem sýnt hafi fram á vægar þrengingar sem sýnt hafi fram á vægar þrengingar út í foramena vinstra megin í C5-C6. M hafi verið heilsuhraustur fyrir slysið og í sjúkraskrá hans sé ekki að finna neinar umkvartanir vegna verkja í höndum, baki eða hálsi fyrir slysið, ef frá er talin kvörtun vegna tennisolnboga. M tali þá hvorki góða íslensku né ensku og sé því örðugt fyrir hann að lýsa einkennum og orsökum þeirra fyrir læknum með greinargóðum hætti. Verði samkvæmt framansögðu, á grundvelli læknisheimsóknna M eftir slysið, fyrri heilsufars hans og þeirra einkenna sem hann búi við í dag að teljast sannað að hann hafi orðið fyrir líkamstjóni við slysið.

Í bréfi V, sem var vátryggjandi A á tjónsdegi, til nefndarinnar kemur fram að A hafi fyrst leitað til læknis 17 dögum eftir atvikið. Þá hafi hann talað um verk í báðum höndum og skoðun bent til tennisolnboga. Þegar M leitaði læknis 15. maí 2023 hafi hann talað um dofa og verk í útlím en hvergi hafi verið minnst á slysið. Þá sé með öllu ósannað að orsakatengsl séu til staðar vegna verkja í hálsi en M hafi kvartað undan slíkum verkjum níu mánuðum eftir slysið og í þeirri læknskemu hafi hvergi verið minnst á slysið. Eina koman vegna slyssins hafi því verið hinn 22. ágúst 2022. Hvíli það á M að sanna tjón sitt og að það verði rakið til bótaskylds atburðar. Slík sönnun hafi ekki tekist og verði M að bera hallann af því.

Álit.

Ágreiningur þessa máls varðar það hvort orsakatengsl séu milli atviksins 5. ágúst 2022 og þeirra líkamlegra einkenna sem M rekur til þess. Samkvæmt almennum sönnunarreglum hvílir sönnunarbyrði þess á M. Þau læknisfræðilegu gögn sem liggja fyrir nefndinni eru annars vegar afrit sjúkraskrár fyrir tímabilið 22. ágúst 2022 til 22. ágúst 2023, og hins vegar vottorð heilsugæslulæknis dags. 23. janúar 2024. Umrætt vottorð virðist byggt á úrvinnslu úr sjúkraskrá en ekki sérstakri skoðun. Í því síðarnefnda kemur fram að M hafi leitað til nuddara, hnykkjara og sjúkraþjálfara en engin frekari gögn um slíka meðferð liggja fyrir nefndinni. Í sjúkraskrá kemur fram að M hafi leitað á heilsugæslu hinn 22. ágúst 2022, og þá kvartað undan verk í höndum, sem versni er hann vinni upp fyrir sig. Kemur og fram að skoðun bendi til tennisolnboga. Þó minnst sé á slysið í þeirri komu eru tengsl einkenna við það ekki fyllilega ljós af því sem kemur fram í sjúkraskrá. Var M greindur með dofa í útlímum og verk í útlím. Samkvæmt fyrirbyggjandi læknisvottorði var M einnig greindur með tennisolnboga í júlí 2022 en þá leitaði hann til læknis vegna ætlaðs tennisolnboga og verkja í úlnliðum. Af sjúkraskrá má þá ráða að M hafi að miklu eða öllu leyti verið óvinnufær á tímabilinu en ekkert liggur fyrir um að það hafi verið vegna einkenna sem hann reki til slyssins. Hinn 15. maí 2023 leitaði M þá til læknis vegna verkja í hálsi og dofa í höndum en ekki er vísað til slyssins í þeirri komu. Gekkst M í framhaldinu undir segulómun af hálsþrygg en þrátt fyrir að niðurstöður þeirrar rannsóknar séu fyrirbyggjandi liggur ekkert fyrir um að hún hafi leitt í ljós atriði sem sértæk séu fyrir áverka eða slys eins og það sem um ræddi.

Samkvæmt framangreindu og eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni verður að telja að nokkuð skorti á sönnun orsakatengsla milli umrædds slyss og þeirra einkenna sem M rekur til þess. Gögn um fyrra heilsufar M eru takmörkuð og ekki liggur fyrir læknisfræðilegt mat á tengslum núverandi einkenna hans við umrætt slys. Verður M að bera hallann af því og er því óhjákvæmilegt að hafna kröfu hans.

Niðurstaða.

M, á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu ökumanns og eiganda A, hjá V.

Reykjavík, 27. ágúst 2024.
rafræn undirskrift

Sóley Ragnarsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir